

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

PRÓFBLAÐ 2 AF 3

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Ábyrgðir (25%)

ATH. Prófið er þrískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna, Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%), ágríp úr réttarfari (25%).

Prófdagur: 29. október 2011

Kl.: 9:00 til 13:00

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófblöð: 2 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Ábyrgðir (25%)

1. Skýrið stuttlega eftirfarandi hugtök (9% alls - 3% hver stafliður):
 - a) Solidarisk ábyrgð (ábyrgð „in solidum“, sameiginleg ábyrgð eða óskipt ábyrgð).
 - b) Pro rata ábyrgð (skipt ábyrgð).
 - c) Andskýringarregla.

2. Gerið stuttlega grein fyrir því hvort, og þá hverjar, kröfur eru gerðar til forms kröfuábyrgða (6%).

3. Svarið því hvort eftirfarandi fullyrðingar eru réttar eða rangar. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar, en fyrir rangt svar er eitt stig dregið frá, engin stig eru gefin, né dregin frá, ef ekki er svarað (10%):
 - a) Úrskurður um töku bús aðalskuldara til gjaldprotaskipta veldur því að greiðsluskylda ábyrgðarmanns samkvæmt einfaldri ábyrgð verður virk.

___ Rétt

___ Rangt
 - b) Kröfuábyrgð getur ekki stofnast með einhliða yfirlýsingu ábyrgðarmanns.

___ Rétt

___ Rangt
 - c) Þegar aðalkrafa reynist ógild vegna ólöggræðis aðalskuldara losnar ábyrgðarmaður þar með alltaf undan ábyrgð sinni.

___ Rétt

___ Rangt
 - d) Ábyrgðarkrafa fýrnist sjálfstætt á 10 árum.

___ Rétt

___ Rangt
 - e) Bakábyrgð er ætlað að verja kröfuhafa aðalskuldar gegn því að ábyrgðarmaður, sem gengist hefur í ábyrgð fyrir aðalskuldinni, greiði ekki.

___ Rétt

___ Rangt